



## Stjórnarfundur FNS

### Fundargerð

**Þriðjudaginn 30. október 2018, kl. 15:30 hjá Framvegis**

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Helga Tryggvadóttir, Klara Guðbrandsdóttir og Svanhildur Svavarsdóttir. Margrét Arnardóttir og Hildur Katrín Rafnsdóttir voru á Zoom.

1. **Dagur náms- og starfsráðgjafar.** Inga Berg mætti fyrir hönd fræðslunefndar. Skráningu líkur þriðjudaginn 6. nóvember með greiðslu þátttökugjalda. Ákveðið var að hálfur dagur verði ekki í boði.
  - a. Styrkir: 150 þúsund frá Euroguidance, einnig sótt um 200 þúsund frá KÍ.
  - b. Viðurkenning fyrir vel unnin störf. Unnið úr hugmyndum.
  - c. Ákveðið að hafa ekki streymi. Aukinn kostnaður og spurning um hvernig þátttökugjaldi yrði háttað. Hægt en er mjög kostnaðarsamt, auk þess erfitt vegna vinnustofa.
  - d. Nemum í náms- og starfsráðgjöf boðið að mæta á Daginn, þeir borga 12.000 kr. eins og aðrir félagsmenn. Helga T. sér um að bjóða nemunum.
2. **Erindi:**
  - a. Erindi var sent til MMR 9. okt með ósk um beina aðkomu FNSað stýrihóp um menntastefnu til 2013. Ráðuneytið tekur 15 virka daga til að koma erindinu á réttan stað.
  - b. Erindi frá Önnu Sigurðar um umsókn um styrk til Velferðarráðuneytisins fyrir hönd Watch hópisins. Félagið sækir um styrkinn fyrir þær. Samþykkt.
  - c. Erindi sent til FF þar sem ábending barst um að aðilar án leyfisbréfs vinni sem náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla og spurt var um rétt náms- og starfsráðgjafa með leyfisbréf til að sækja um starfið. Þarfnast einnig skoðunar á grunn- og háskólastigi.
3. **Stefnumótun.** Stefnumótunarhópurinn hittir Dagnýju og Önnu Maríu hjá KÍ til að skipuleggja bestu leiðirnar. Senda þarf fyrirspurn á norrænu nefndina og heyra hvaða leið þau lönd sem hafa gert þetta hafa farið. Margrét sendir fyrirspurn.
4. **Alþjóðlegt/norrænt samstarf** Nefndin er að hittast í nóvember og skipuleggja fund í apríl. Næsta alþjóðleg ráðstefna IAEVG verður í Bratislava, 9.-13. september. Við þurfum að senda tvo fulltrúa, getum sótt um styrk frá KÍ. NFSY tilnefnir Guðbjörgu Vilhjálmssdóttur í alþjóðastjórnina. Margrét kys fyrir norrænu nefndina þar sem hún er formaður.
5. **Kynningarefni.** Prentun á efni, athuga þarf hvort er hægt að fá styrk til þess? Systa og Ingibjörg eru búnar að panta efni.
6. **Félagatal.** Umsýsla félagatals FNS til KÍ, þar sem FNS er aðildarfélag. Senda Excel skjalið með kennitölum félagsmanna þangað. Helga Lind sér um það.
7. **Fræðsludagur náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum** (á dagskrá í jan/feb) fagrað grunnskóla kemur að þessum degi. Samþykkt.

Fundi lokið kl. 16:50

Næsti fundur ákveðin síðar

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir